



Sveitarfélagið Ölfus

## FRAMKVÆMDALEYFI byggt á reglugerð nr. 772/2012.

**Framkvæmdarleyfi fyrir efnistöku í Lambafelli, í Sveitarfélaginu Ölfusi. Framkvæmdaraðili er Björgun ehf.**

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss hefur samþykkt umsókn frá Björgun ehf um leyfi til efnistöku úr Lambafelli, í Ölfusi sem bæjarstjórn Ölfuss hefur staðfest. Framkvæmdarleyfið byggir á samþykktu deiliskipulagi og matsgögnum fyrir efnistöku og tekur til námu merkta E2 faðalskipulagi Ölfus 2010-2022. Framkvæmdaleyfið með fylgigögnum er á heimasíðu Ölfuss, [www.olfus.is](http://www.olfus.is).

1. Framkvæmdin nær yfir afmarkað svæði til efnisvinnslu, samkvæmt landfræðilegri afmörkun vinnslusvæðis í umsókn liður ii).
2. Framkvæmdaleyfið er byggt á deiliskipulagi sem unnið er í samræmi við aðalskipulag Ölfuss 2010-2022.
3. Álit Skipulagsstofnunar, um mat á umhverfisáhrifum námunnar, dagsett 30. október 2008, liggur fyrir.
4. Framkvæmdin sem framkvæmdaleyfið er veitt fyrir samræmist samþykktum hönnunargögnum.
5. Verði brugðið út frá samþykktum hönnunargögnum við framkvæmdina, skal tilkynna það leyfisveitanda og einnig Skipulagsstofnun ef framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.
6. Framkvæmdaleyfið gildir fyrir allt að 12 milljón rúmmetra magn af efni úr námunni eða til dagsins 13.06.2028, eftir því hvoru markinu er náð fyrr.
7. Framkvæmdaleyfið er bundið samningi milli forsætisráðuneytis og Björgunar ehf.

Fylgisjöl með umsókn:

1. Mat á umhverfisáhrifum, unnið af Jarðefnaiðnaði ehf, 20. september 2008.
2. Álit Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum, 30. október 2008
3. Kort af svæðinu.
4. Samningur viðforsætisráðuneytið, júlí 2018
5. Auglýsing um deiliskipulag úr B-deild Stjórnartíðinda 21. desember 2012
6. Auglýsing um deiliskipulag úr Lögbirtingablaðinu 10. desember 2010
7. Auglýsing um deiliskipulag úr Lögbirtingablaðinu 27. desember 2012
8. Fundargerð Skipulags-byggingar- og umhverfisnefndar, 36. Fundur 19. febrúar 2012
9. Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, gefið út 18.07.2018

Framkvæmdaleyfisgjald er í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins. Framkvæmdaleyfið er samþykkt með fyrirvara að framkvæmdaðillinn kosti úttekt óháðs aðila á umfangi efnistöku, einu sinni á ári í samráði við sveitarfélagið.

Framkvæmdaleyfi bæjarstjórnar Ölfuss er kæránlegt til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar í Morgunblaðinu sem birtist 21. maí 2021. Meðferð er samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

Porlákshöfn þann 21. maí 2021

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss